

Ágúst Guðmundsson
81/03



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

REYÐARFJÖRÐUR
Könnun á stóriðjusvæði við Sómastaðagerði

Ágúst Guðmundsson

ÁgG-81/03

Maí 1981

ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

GREINARGERÐ

REYÐARFJÖRÐUR
Könnun á stóriðjusvæði við Sómastaðagerði

Ágúst Guðmundsson

ÁgG-81/03

Máí 1981

REYÐARFJÖRÐUR - Könnun á stóriðjusvæði við Sómastaðagerði

Dagana 27.-29. apríl 1981 gerði Orkustofnun í samvinnu við Almennu verkfræðistofuna hf. könnun á fyrirhuguðu byggingasvæði fyrir stóriðju í landi Sómastaðagerðis á Reyðarfirði, skammt utan við kauptúnið Búðareyri.

Landið sem um ræðir er með jöklusorfnum klapparholtum og grunnum hallamýrum á milli og hafa mýrarnar nú víðast verið ræstar fram og breytt í tún (sjá mynd 1).

Ekki voru til staðar nákvæm hæðarlinukort af þessu svæði þegar könnunin var gerð og var því notuð stækkuð loftmynd til staðsetninga á borholum og merkt inn svæði þar sem sá í nakta klöpp. (Vinnukópiurnar voru slæmar og hefur það vafalaust áhrif á nákvæmni staðsetninga).

Á fyrirhuguðum byggingalóðum vestan við læk hjá Sómastaðagerði voru boraðar 28 cobra holur. (Staðsetningar og dýpi holanna er sýnt á mynd 1 og borhraðalinurit á myndum 2 og 3). Líklega hefur borinn víðast stöðvast á klöpp en lausa efnið er í langflestum tilfellum mójarðvegur.

Austurhluti byggingarsvæðisins er annað hvort nakin klöpp eða hulin 1-3 m þykkum jarðvegi og lítils háttar möl meðfram læk sem rennur niður með austurjaðri svæðisins. Á vesturhluta lóðar I og upp í miðhluta lóðar II teygist 2-5 m djúpt mýrarsund og um 100 m breitt. Á miðri lóð III er einnig mýrarsund og virðist það vera ögn grynnra en það sem síðast var nefnt. Öll fyrrnefnd mýrasvæði hafa nú verið ræktuð og þurkuð. Á mynd 1 er sýnd ein þverskurðarmynd A-B í gegnum svæðið.

Austan og neðan við bæinn í Sómastaðagerði, skammt vestan við læk sem þar rennur voru boraðar 5 holur með cobra bor. Staðsetning holanna er sýnd á mynd 1 og borhraðalinurit á mynd 4. Hér er víðast 2-5 m dýpi á fast og lausa efnið að hluta malarkeila, mynduð við framburð lækjarins en ofar tekur við þunnur mójarðvegur ofaná klöpp. Á mynd 1 er sýndur þverskurður C-D af þessu svæði.

1981-05-07

Á mynd 1 eru teiknaðar nokkrar sprungur í berggrunninn sem sjást á loftmyndum, en ekki er ástæða til að óttast hreyfingu um þær.

Reykjavík 7. maí 1981

Agust Guðmundsson.


















ORKUSTOFNUN

REYÐARFJÖRÐUR

Cobra borun vegna störiðju
vestara svæðið

MYND 2






ORKUSTOFNUN

REYÐARFJÖRÐUR


Cobra borun vegna stóriðju
vestara svæðið

MYND 3


CR-16




CR-17




CR-18




CR-19




CR-20




CR-21




CR-22




CR-23




CR-24




CR-25



CR-26



CR-28






ORKUSTOFNUN

REYÐARFJÖRÐUR


Cobra borun vegna stóriðju
austara svæðið

MYND 4


CR - 29




CR - 30




CR - 31



CR - 32




CR - 33



REYÐARFJÖRÐUR
STÓRIÐJUSVÆÐI VIÐ SÓMASTAÐAGERÐI

Þverskurðarmynd jarðlaga á fyrirhuguðu byggingasvæði vestan Sómastaðagerðis



MYND 1.

0 100 200 300 400 m

N

